

Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 13. desember 2018  
UST201811-082/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga Aðalskipulagsbreyting - Rangárþings eystra - Ráðagerði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á svæði í landi Ráðagerðis í Rangárþingi eystra, sveitarfélag.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að Ráðagerði sem er 16,8 ha. spilda úr landbúnaðarlandi í landi Steinmóðsbæjar, verði frístundabyggð.

#### **Tilefni breytingar**

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytinganna er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarfélagini, m.a. vegna gríðarlegar fjölgunar erlendra ferðamanna á svæðinu. Í sveitarfélagini eru fjölmög óbyggð frístundasvæði. Það er mat Umhverfisstofnunar að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist verði hjá því að fara inn á svæði sem eru óröskuð, á hverfisverndsvæðum eða á svæðum sem liggja að svæðum á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að teknar verði saman upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum hafa verið byggðar.

#### **Hverfisvernd - Náttúruminjaskrá**

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til hverfisverndarsvæðis Hv-234 Markarfljótsaurar – Tjarnarnes sem er víðfemt svæði. Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram varðandi svæðið: „*Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.*“ Umhverfisstofnun bendir á að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á nýjum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að forðast allt rask á búsvæði hans.

Landið sem tillagan nær til er við jaðar svæðis sem er á nr. 719 á náttúruminjaskrá og kallast Tjarnir og Tjarnanes. Svæðið er sérstakt með tilliti til gróðurs og dýralífs, en þar er mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur